

Klárur viðræðurnar við ESB!

Ádsent

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra



Könnun Félagsvísindastofnunar í miðri viku sýndi að 52,7 prósent landsmanna vilja ljúka við viðræðurnar um aðild að Evrópusambandinu – og aðeins 30,7 prósent eru mótfallnir því. Mikill meirihluti þjóðarinnar vill því fá að sjá samninginn og greiða um hann atkvæði. Athygli vekur að meira en þriðjungur þeirra sem í dag telja Íslandi betur borgið utan sambandsins en innan vill samt ljúka viðræðunum. Þessi hópur er greinilega reiðubúinn til að endurmeta afstöðu sína ef það telur samninginn gæta hagsmuna sína nægilega vel.

Jákvæð langflætt

Á efa bófa áhugnefni eftir því að sjá hver niðurstaðan verður um sjávarútvegskaflann. Úr honum eru fréttirnar góðar og jákvæðar. Okkur hefur tekist vel að afla skilnings gagnavart einstakri sérstöðu Íslands. Það liggur fyrir að reglur Evrópusambandsins tryggja að Íslendingar halda rétti gagnavart fiskistofnum í hafinu. Um leið hefur endurskoðun á sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins sem færir meira vald út til sveaðanna styrkt kröfu Íslendinga um sérstakt fiskveiðistjórnarsvæði við Ísland.

Sjálfur er ég ekki í vafa um að margir verða hress þegar samningur um sjó lýkur og menn sjá niðurstöðuna. Hún gæti breytt afstöðu margra. Í lokaáfangi samninganna er verkefnið ekki síst að draga þennan jákvæða skilning gagnavart sérstöðu Íslands fram við samningabörð. En til þess þurfa menn að geta lokið samningunum.

Ég lít á afstöðu þeirra, sem eru ekki reiðubúinir til að taka jákvætt í aðild, en vilja eigi að síður halda samningaviðræðunum áfram, sem jákvæða og málefnalega afstöðu. Í henni felst ekki gagnrýni – heldur varfærni. Við eigum að leyfa okkur þann munað að hafa mismunandi afstöðu til aðildar. Það er ekkert að því að deila fast um hana. En besta leiðin til að útkljá þann afstöðumun felst í því að leyfa þjóðinni að kjósa og gera sjálf út um málið.

Góð sátt um málefni

Samningaviðræðurnar eru nú þegar langt komnar. Íslendingar hafa undirbúið, og afgreitt í samráði við Alþingi, afstöðu Íslands í 29 samningsköflum af þeim 33 sem um þarf að semja. Það er athyglisvert að um afstöðu í þessum 29 samningsköflum ríkir ágæt-sátt. Áhyggjur manna nertu mest einn kalla, þar sem fjallað var um innflutning lifandi dýra, en nýlegar yfirlýsingar frá Evrópusambandinu um skilning á kröfu Íslendinga um bann við þeim hafa slegið á þær áhyggjur.

Í dag erum við Íslendingar búnir að hefja samninga á um 4/5 af köflunum 33, og höfum lokið samningum um þriðjung þeirra. Nú þegar eru samningar hafnir um erlða kalla einsog gjaldveyrismálin, umhverfi og náttúru, og byggðamál. Vinna við samningsafstöðu Íslendinga í erfiðustu köflunum, landbúnaði og sjávarútvegi, er langt komin – og þar sem stuðst er nákvæmlega við leiðbeiningar meirihluta utanríkisálanefndar er ólíklegt að ekki takist góð sátt um afstöðu í þeim köflum líka. Íslendingar kunna svo þjóða best þá list að semja um fisk – og ég óttast ekki að samningamenn okkar komi heim með öngulinn í afturendanum þar fremur en í öðrum samningum.

„Vinna við samningsafstöðu Íslendinga í erfiðustu köflunum, landbúnaði og sjávarútvegi, er langt komin.“

Sérstaðan viðurkennd

Miklu skiptir, að í úmsóknarferlinu hefur Íslendingum tekist mjög vel að afla skilnings á sérstöðu sinni, ekki síst í landbúnaði og sjávarútvegi. Það kom skýrt fram á fundum sem ég átti í þessum mánuði um lykilmál með æðstu stjórnendum í Brussel.

Stækkunarstjórnin, Stefan Fuhle, lýsti þannig skilningi á kröfum Íslendinga um bann við innflutning á lifandi dýrum, og Íslendingar munu senn leggja fram sterka skýrslu erlends sérfræðings henni til stuðnings. Það munaði líka um – ekki síst í ljósi umráðna hér heima – að Ottinger, orkuþjóri sambandsins, gaf eftir okkar fund út skýra yfirlýsingu um að Íslendingar myndu halda fullu eignarhaldi og forræði yfir orkulindum.

Vert er að leggja áherslu á, að kostnaðurinn við samningana er vel innan þeirra fjárheimilda sem veittar voru til verksins. Hann nemur nú um 300 milljón. Kostnaðurinn við ferlið er því að mestu leyti kominn fram. Á móti hafa svo Íslendingar fengið verkefnastyrki sem nema meira en tuttugfaldrí þeirri upphæð, eða ríflega sex milljarða. Um styrkina var í upphafi deilt – sbr. orð góðs manns um glerperlu og eldatn – en nú vildu flestir þá Lilju hafa til sín fengið kveðna.



Á góðri stundu Össur Skarphéðinsson ræddi Evrópusambandið við Carl Bildt, sænskan kollega sinn, sem heim-sótti Ísland í mars.

Margvíslegur ávinningur

Af hverju væri glapræði að slíta samningunum núna? – Vegna þess, að það myndi koma í veg fyrir að Ísland gæti tekið upp evruna næstu 30–40 árin. Aðild að ESB og upptaka evrunnar myndi færa okkur efnahagslegan stöðugleika, Evrópuvexti, minnka verðbólgu og gera okkur kleift að afleggja verótrygginguna. Um leið sýnir reynsla smáþjóða að aðild fylgja miklar erlendar fjárfestingar sem skapa störf, og auka fjölbreytni í atvinnulífi. Dæmi eru um að erlendar fjárfestingar hafi fast að tvöfaldað.

Aðgangur að 450 milljónna manna heimamarkaði skapar grundvöll fyrir stórkök íslenskrar framleiðslu í fiskivinnu og landbúnaði. Evrópa kallar á há-

gæðamatvörur. Ísland framleiðir þær – en við þurfum afnám tolla til að geta rutt þeim braut inn á markaði. Aðild að byggðastefnu ESB myndi jafnframt gjörbreyta möguleikum landsbyggðarinnar til að þróast, og skjóta nýjum stöðum undir jaðrabýggðir í hættu.

Tryggingum framhaldið

Þeir sem vilja tryggja framhald viðræðna og leyfa þjóðinni að kjósa um samning tryggja það best með því að styðja við þann flokk sem hafði frumkvæði að úmsókninni, og hefur styrkt henni af öryggi og festu.

Sterk Samfylking er besta tryggingin fyrir því að þjóðin fái sjálf að kjósa um aðildarsamning. *Höfundur er utanríkisráðherra.*